

Nd.

163. Frumvarp til laga

[83. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Nr. 8 í 12. kafla orðist svo: 8 Oliufræ og oliurík aldin, einnig mulin	1 kg		2
2. Nr. 18 í 15. kafla orðist svo: 18 — risínusolía (laxerolía)	—	2	8
3. Nr. 2 í 25. kafla orðist svo: 2 Sandur, ót. a.			

tollfrjáls

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
4. Í stað nr. 16 í 25. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi: Gips:			
16 — óunnið	tollfrjálst		
16a— brennt, mulið eða þvegið	—	2	8
5. Nr. 1 í 28. kafla orðist svo:			
1 Bróm, fosfór, brennisteinn og brennisteinsmjólk og sam- bönd þessara efna innbyrðis, svo og með klóri og joði, svo framarlega sem þau falla ekki undir annað tollskrárnúmer	—	7	8
6. Í stað nr. 11 í 28. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi:			
— ediksýra:			
11 — — edik	—	7	30
11a— — önnur	—	7	8
7. Nr. 51 og 52 í 28. kafla orðist svo:			
51 — metylalkóhól	—	7	8
52 — isóprópylalkóhól	—	7	8
8. Á eftir nr. 15 í 31. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
15a— hárlíðunarvökvar og hárlíðunarduft, ót. a.	—	7	30
9. Nr. 7 í 45. kafla falla niður.			
10. Orðin „með eða“ í nr. 19 í 45. kafla falli niður.			
11. Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo:			
1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir úr cellulose	—	2	2
12. Í stað nr. 3—4 í 46. kafla B komi þrjú nr., svo hljóðandi:			
Garn:			
4 — tvinni	—	20	8
5 — netjagarn, ólitað	—	2	5
5a— annað	—	20	15
13. Í stað nr. 19 í 50. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
— fiskinet og fiskinetjaslöngur:			
19 — — úr nylon og öðrum gerviþræðum	—	2	5
19a— — úr öðrum vefjarefnum	—	2	2
14. Nr. 42 í 50. kafla falli niður.			
15. Nr. 22 í 60. kafla falli niður.			
16. Á eftir fyrirsögninni að XV. flokki, „Ódýrir málmar og vörur úr þeim“, komi svo hljóðandi athugasemd: Ath. Ef inn eru fluttar vörur úr málum þeim, sem teljast til 64.—70. kafla, og vörur þessar eiga að koma í hærra tola en tilsvarendi vörur úr járn og stáli í 63. kafla, má fjármálaráðuneytið mæla svo fyrir, að greiða skuli af þeim hin lægri aðflutnings- gjöld eftir 63. kafla. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
17. Á eftir nr. 22 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
22a Bryggjur, brýr, hús og önnur mannvirki og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8
18. Á eftir nr. 26 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
26a Fiskkörfur og körfur undir mjólkurflöskur úr vír og þess háttar	—	2	8
19. Aftan við nr. 88 í 63. kafla komi svo hljóðandi athugas.: Ath. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að færa niður í 15% verðtoll skálar, sem eru pressaðar til vaskagerðar og að öðru leyti óunnar.			

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
20. Í stað nr. 27—28 í 72. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi: 27 Vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, lyftingar, fermingar og affermingar, til graftar, og hlutar til þeirra, ót. a., svo og dráttarbrautir og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8
21. Nr. 64 í 72. kafla orðist svo: 64 Aðrar vélar, ót. a., og hlutar til þeirra	—	7	15
22. Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 13—16 í 73. kafla, „Raf- magnsbúnaðar í báta, bifreiðar og bifhljól“, komi: Raf- magnsbúnaðar í bifreiðar, skip og önnur farartæki.			
23. Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 37—45 í 73. kafla, „Bús- áhöld og hlutar til þeirra“ komi: Vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar.			
24. Nr. 46—54 í 73. kafla falli niður.			
25. Á eftir nr. 1 í 76. kafla komi nýtt númer, svo hljóðandi: 1a Fallhlifar og tilheyrandi tollfrjálsar			
26. Nr. 12 í 77. kafla falli niður.			
27. Í stað nr. 29—32 í 77. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi: Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.: 29 — bifreiðavogir (bryggjuvogir) 30 — aðrar	—	7	8
28. Við nr. 3 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna.	—	7	30
29. Aftan við nr. 11 í 79. kafla komi svo hljóðandi aths.: Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður að nokkru eða öllu leyti aðflutningsgjöld af hljómp- plötum með verkum eftir íslenzka höfunda og verk- um sungnum og/eða leiknum af Íslendingum.			
30. Á eftir nr. 10 í 82. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efn- um (plasti) og vara þessi á að koma í hærrí tolla en tilsvarendi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
31. XXI. flokkur og 87. kafli orðist svo:			

XXI. FLOKKUR

Listaverk og safnmunir, ót. a.

87. kafli.

Listaverk og safnmunir, ót. a.

1 Listaverk	tollfrjáls		
Aths. Tollundanþágan eftir nr. 1 tekur aðeins til frum- verksins. Fjármálaráðuneytinu er þó heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af afsteypum, sem gerðar eru erlendis eftir hér gerðum frummynd- um úr gipsi eða öðru áþekku efni.			
Safnmunir, ót. a.:			
2 — frimerki og önnur slík merki	tollfrjáls		
3 — safnmunir til opinberra safna	tollfrjálsir		
4 — aðrir	—	7	30

2. gr.

Á eftir 1-lið 3. gr. komi átta nýir stafliðir, svo hljóðandi:

- m. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af votheysturnum og vélaútbúnaði til að steypa þá og af vélum og áhöldum til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu.
- n. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af jeep-bifreiðum og almenningsvögnum og af vöruflutningabifreiðum.
- o. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæðið í b-lið 24. gr. samþykktar þeirrar um alþjóðaflugmál, sem birt var með auglýsingu nr. 45/1947.
- p. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af tækjum og útbúnaði til Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli, sem rekin er samkvæmt milliríkjasamningi frá 30. apríl 1947.
- q. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði í b- og c-lið 7. gr. alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sem birtur er sem fylgiskjal með lögum nr. 13/1948, um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.
- r. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem inn er flutt eingöngu vegna framkvæmdar samnings frá 16. september 1948, milli ríkisstjórnar Íslands og ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- s. Að fella niður aðflutningsgjöld af munum, sem sendir eru hingað að gjöf og góðgerðafyrirtæki eiga að annast dreifingu á til bágstaddra og þvilíkra.
- t. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af munum, sem aðeins eru fluttir hingað til sýningar eða flutnings um stundarsakir og endurútfluttir eru þegar að sýningu eða flutningi loknum, og af vélum og áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu og flutt eru út þegar eftir að þau hafa verið reynd.

3. gr.

Í stað orðanna „eða báta“ í síðustu málsgr. 4. gr. laganna komi: báta eða flugvéla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi 5. liður 1. gr. laga nr. 6/1945, um breyting á lögum um nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæði hefur komið í ljós þörf fyrir óhjákvæmilegar breytingar á tollskrárlögum og farið hefur verið fram á ýmsar breytingar við ráðuneytið, sem því hefur þótt eðlilegt að taka til greina. Til hins fyrrnefnda má telja ýmsa milliríkjasamninga, sem Íslendingar hafa gerzt aðilar að undanfarið og gera ráð fyrir tollfrelsi fyrir ýmiss konar varning, en að sjálfsögðu þurfa tollfrelsisákvæði þessi að fá lagagildi hér og eru þau því tekin upp í frumvarpið, sbr. t. d. p- og r-lið 2. gr. Til hins fyrrnefnda má einnig nefna nokkur atriði, sem framkvæmdin hefur leitt í ljós, að óhjákvæmilegt er að breyta, sbr. t. d. 14.—18. lið 1. gr. frumvarpsins. Til hins síðarnefnda, þ. e. a. s. breytinga, sem farið hefur verið fram á, má nefna beiðnir um tolllækkanir vegna fyrirhugaðrar sementsverksmiðju, fyrirhugaðrar vinnu á neyzluhafri feiti úr lýsisafurðum, fræum og jurtakjörnum, og nokkrar aðrar tolllækkanir vegna iðnaðarins og landbúnaðarins, sbr. t. d. 19. lið 1. gr. og m-lið 2. gr. Þá má telja til hins síðarnefnda nokkrar lækkanir til styrktar „hagnýtingu íslenzks höfundaréttar erlendis“, eins og það er orðað í þar að lútandi erindum, sbr. t. d. 29. lið 1. gr. Um allar þessar breytingar má segja það, að þær koma til að hafa sáralitla fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð, en þær eru, eins og sagt var, fyrst og fremst lagfæringar vegna atvinnuveganna og milliríkjasamninga, sem gerðir hafa verið undanfarið.

Um einstök atriði þykir ástæða til að taka það fram, sem hér fer á eftir.

Um 1. gr.

1., 2. og 5.—7. Með bréfi, dags. 10. október f. á., fór Lýsissamlag íslenzkra botn-vörpunga þess á leit, að lækkuð yrði aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem taldar eru upp í 1., 2. og 5.—7. lið frumvarpsins, og gjöldin af vörum þessum yrðu lækkuð eins og gert er ráð fyrir í þessum liðum frumvarpsins, en í bréfi samlagsins segir, að með tilliti til þess, að samlagið hafi gengizt fyrir stofnun félagsskapar, í samvinnu við smjörlikisframleiðendur í Reykjavík, til þess að vinna neytluhæfa feiti úr lýsisafurðum annars vegar, og fræjum og jurtakjörnum hins vegar, er fullnægi þörfum landsins fyrir feitmeti til smjörlikis, sápugetar o. fl., séu þessar tolllækkanir nauðsynlegar. Með því að hér er um hráefni til iðnaðar að ræða, nota á þau m. a. til vinnslu úr innlendum hráefnum og það er í samræmi við ýmsa aðra liði tollskrárinnar, að tollarnir í umræddum tollskrárliðum verði eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, eru bornar fram tillögur þær fimm, sem hér er um að ræða.

3. og 4. Í ráði er að hefja sementsframleiðslu hér á landi. Til þeirrar framleiðslu mun reynast nauðsynlegt að flytja inn kísilsand og óunnið gips. Af báðum þessum vörutegundum er nú mun hærri tollur en á fullunnu sementi og þykir því eðlilegt, að tollurinn á þessum hráefnum verði lækkaður svo sem hér er lagt til.

8. Meistarafélag hárgreiðslukvenna hefur farið fram á lækkun þá á aðflutningsgjöldum, sem hér er gert ráð fyrir á hárlíðunarvökva og hárlíðunardufti, en vörur þessar teljast nú til nr. 16 í 31. kafla tollskrárinnar (hárlíðunarvökvinn) og til nr. 24 í sama kafla (duftið) og er hvort tveggja í 120 aura vörumagnstolli af kg með 200% viðauka, 90% verðtolti með 65% viðauka og 6% söluskatti. En vörur þessar eru aðeins notaðar til iðninnar og því ekki sanngjarnt að tolla þær með hinum háu tollum, sem eru á öðrum ilmvötnum, og til þess að lagfæra þetta er borin fram til-laga sú, sem hér um ræðir.

9. og 31. Alls staðar nema hér eru frímerki til safna talin til safnmuna (articles for collections) eða safnaramuna (collectors pieces) og eru tollfrjáls. Þar eð það er hvort tveggja, að mjög auðvelt er að koma frímerkjum undan tolli og að fyrirhöfnin við flokkun á þeim og mat svarar alls ekki til þeirra tolltekna, sem af þeim fást, er lagt til, að frímerki til safna verði tollfrjáls eins og annars staðar. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að frímerki til safna teljist eftirleiðis til safnmuna í 87. kafla.

Eins og orðalagið á XXI. flokki er nú teljast ekki aðeins listmunir og safnmunir til þessa flokks, heldur og allir munir til listasafna og opinberra safna, t. d. hillur, stólar, borð og geymsluglös. Það mun ekki hafa verið tilgangurinn, þegar tollskráin var samin, að til flokksins teldist annað en listaverk og safnmunir, og til þess að leiðrétta þetta og til þess að þessi flokkur verði í samræmi við tollskrárfrumvarp Þjóðabandalagsins og tollskrárfrumvarp rannsóknarnefndar Evróputollsambandsins í Brüssel eru ákvæðin í XXI. flokki orðuð um. Listaverk eru yfirleitt alls staðar tollfrjáls nema hér, enda erfitt að koma réttu mati á slíka hluti til tolls, t. d. ef flutt væri inn málverk eftir Rembrandt.

Nokkuð hefur verið gert að því, að láta íslenzka listamenn gera gipssteypur af hérlandum mönnum og senda síðan gipsmyndirnar út til afsteypunar úr varanlegra efni, einkum bronsi, en hér hafa ekki verið möguleikar á því að gera slíkar afsteypur. Þar eð ekki þykir sanngjarnt að heimta aðflutningsgjöld af slíkum afsteypum eftir listaverkum íslenzkra manna, meðan ekki er hægt að gera þær hér, er lagt til, að ráðuneytinu heimilist að fella niður tolla af slíkum afsteypum. Ætlazt er þó til, að einungis verði felld niður aðflutningsgjöld af 1. afsteypu og ef til vill fleirum svo lengi sem ekki er um að ræða margar afsteypur, sem geta orðið markaðsvara.

10. og 29. Menntamálaráðuneytið hefur lagt til við ráðuneytið, að greitt verði fyrir „hagnýtingu íslenzks höfundaréttar“ með því, (1) að ekki verði hærri aðflutningsgjöld af tónverkum en af bókum og (2) að aðflutningsgjöld af hljómplötum með íslenskum tónverkum verði felld niður. Sjálfsagt þykir að verða við þessum tilmælum og er því vegna fyrra atriðisins 10. liður frumvarpsins tekinn upp í það, en eftir lögfestingu hans koma nótnabækur og nótnablöð með texta í nr. 1—3 í 45.

kafla eins og bækur, en vegna síðara atriðisins er gert ráð fyrir, að við nr. 12 í 79. kafla bætist athugasemdin, sem tekin er upp í 29. lið frumvarpsins.

11., 12. og 13. Netagerðir hafa flutt inn óspunninn nylonþráð, spunnið úr honum netagarn og síðan hnýtt úr því net. Þá hefur verið flutt inn vörpugarn og annað netagarn úr nylon til netagerðar og netabætinga. Farið er fram á lækkun á aðflutningsgjöldunum af nylonþræðinum og neta- og vörpugarninu til samræmis við tollana á öðru vefjarefni og garni til netagerðar. Í því sambandi er m. a. bent á það, að af netum úr nylongarni eru miklu lægri tollar en af garninu í þau. Óspunninn nylonþráður telst til nr. 1 í 46. kafla B tollskrárinnar með 7 auru vörumagnstolli af kg og 8% verðtolli, og nylonnetagarn telst til nr. 5 í sama kafla með 20 auru vörumagnstolli af kg og 15% verðtolli, en af vörpum, nótum og öðrum fiskinetum úr nylon, sem teljast til nr. 19 í 50. kafla, er aðeins 2 auru vörumagnstollur af kg og 2% verðtollur. Til þess að bæta úr þessu misræmi eru bornar fram tillögur þær þrjár, sem hér um ræðir. Til þess að veita netagerðunum einhverja vernd er hafður nokkru hærri verðtollur af nylongarninu og nylonnetunum en af nylonþræðinum óspunnum. Auk þess er ekki óeðlilegt, að nokkru hærri tollur sé á garninu og netunum úr nylon en af sams konar vörum úr hampi, hör og þaðmull.

14. Allur sá aðfluttur vefnaður, sem hingað til hefur verið innfluttur sem pressudúkur, hefur komið undir skýrgreininguna á segldúki og verið tollaður sem slíkur eftir nr. 15 í 48. kafla tollskrárinnar, enda hefði verið ósanngjarnt að tolla pressudúk með hinum háu tollum eftir 50. kafla 42 og ekki sízt vegna hinna lágu tolla á pressunum sjálfum, sem teljast til 72. kafla 42. Af þessu má vera ljóst, að nr. 42 í 50. kafla er aðeins til að villa, og er því lagt til, að það tollskrárnúmer verði fellt niður.

15. Til nr. 12 í 71. kafla teljast oliulampar, oliuljósker, gasljósatæki og hlutar til þeirra, einnig þótt þau séu úr öðrum efnum en ódýrum málmum, ót. a. Af hlutum til oliu- og gasljósatækja teljast aðeins lampaglösin og ljóskeraglösin til nr. 22. í 60. kafla, en aðrir lampahlutar, þó úr gleri séu, teljast hins vegar til nr. 12 í 71. kafla. Að taka þannig lampaglösin og ljóskeraglösin undan og telja þau til 60. kafla, skapar aðeins örðugleika fyrir tollskoðunina og er því lagt til, að nr. 22 í 60. kafla verði fellt niður, en við það koma lampaglösin og ljóskeraglösin, eins og aðrir lamp- og ljóskerahlutar, undir nr. 12 í 71. kafla.

16. Notkun léttmálma alúmíníms og magnesíms og legeringa þessara málma fer stöðugt í vöxt, og er þessi vaxandi notkun þeirra mikið á kostnað járn og stáls. Komið hafa því fram beiðnir um það, að lækkaður sé tollur á ýmsum vörum úr léttmálmum í samræmi við tolla þá, sem eru á samsvarandi vörum úr járn og stáli, t. d. á mjólkurbrúsum. Með því að gera ráð fyrir, að við hina stöðugt vaxandi notkun léttmálma og við uppfinningu nýrra málmlegeringa berist stöðugt nýjar beiðnir um lækkanir á tollum á vörum úr þessum málmum í samræmi við tollana eftir 63. kafla, sem af málmköflunum er lagmest sundurliðaður, og til þess að ekki þurfi stöðugt að vera að breyta tollskránni að þessu leyti, er hér lagt til, að ráðuneytinu heimilist að ákveða, að tolla þá, sem greiða ber af vörum úr járn og stáli, megi einnig greiða af vörum úr öðrum ódýrum málmum.

17. Frá því að tollskráin öðlaðist gildi, hefur það stöðugt valdið örðugleikum að flokka efni í brýr og bryggjur úr járn og stáli til tolls, en mannvirki þessi hafa jafnan verið send hingað „komplet“ og hafa sendingar þessar því samanstaðið af alls konar varningi, sem talizt hefur til ýmissa tollskrárnúmera, en þar eð mannvirkin hafa verið boðin út í einu lagi, hefur verðið á vörureikningnum verið tilgreint í einu lagi og því verið ósundurliðað eftir vörutegundum, og hafa því mannvirki þessi, vegna reglunnar í 5. gr. tollskrárlaganna, átt að koma í 7 auru vörumagnstoll og 30% verðtoll. Þetta hefur þó þótt óeðlilega hátt tollur og því verið leyft að meta hina ýmsu hluti til tolls, en jafnan hafa verið örðugleikar á slíku mati og mikill ágreiningur risið út af því. Til þess að bæta úr þessu er það lagt til eftir erlendri fyrirmynd, að nýtt númer verði tekið upp í 63. kafla og að til þess teljist bryggjur,

brýr, hús og önnur mannvirki úr járni og stáli og hlutar til þeirra, ót. a., en tollarnir, sem lagt er til, að verði á þessum innflutningi, munu vera meðaltalstollar, sem orðið hefur á efninu eftir að sundurliðun hefur komið fram við matið á hinum einstöku varningsstegundum, og þessi tollur er sá sami og ætlað er til, að verði á áþekktum vörum í 72. kafla 27.

18. Fiskkörfur úr strái og öðrum fléttiefnum teljast til nr. 5 í 42. kafla tollskrárinnar með 2 auru vörumagnstolli og 8% verðtolli. Í stað strákarfanna undir fisk hafa undanfarið flutzt hingað fiskkörfur úr galvanhúðuðu járni, en þær teljast nú til nr. 104 í 63. kafla með 7 auru vörumagnstolli og 30% verðtolli. Þar eð ekki þykir sanngjarnt, að fiskkörfur úr galvanhúðuðu járni, sem eru bæði endingarbetri og hagkvæmari í notkun en strákörfurnar, séu í miklu hærri tolli en strákörfurnar, er hér lagt til, að körfur úr galvanhúðuðu járni tollist á sama hátt og strákörfurnar. Þá hefur verið farið fram á, að körfur undir mjólkurflöskur tollist á sama hátt, og er hér orðið við þeirri beiðni.

19. Inn hafa verið fluttar skálar, sem eru mótaðar úr heilum járnplötum og eru að öðru leyti óunnar. Skálar þessar hafa svo verið soðnar hér tvær og tvær saman, þær fægðar og síðan enn soðnar saman við hér tilbúin eldhúsbörð, sem eru gerð hér úr ryðfríu stáli. Farið hefur verið fram á, að lækkaður sé verulega tollur á hinum mótuðu skálum til vaska- og eldhúsbörðagerðar, og þar eð ekki þykir sanngjarnt, að á þeim sé sami tollur og af fullunnum vöskum, er hér lagt til, að heimilt sé að færa verðtollinn af þeim niður um helming.

20. Í tollskránni er hvergi talað um dráttarbrautir og hluta til þeirra. Hefur þetta valdið svipuðum örðugleikum og tollun sú á brúm og bryggjum, sem um getur undir 17 hér að framan. Til þess að bæta úr þessu eru dráttarbrautirnar teknar upp í nr. 27 í 72. kafla, en í tollskrár þeim, sem sniðnar eru eftir tollskrárfrumvarpi Þjóðabandalagsins, eins og okkar tollskrá er í aðalatriðum, teljast dráttarbrautir til tollskrárnúmera, en svara til nr. 27 í 72. kafla. Þá er nr. 27 orðað um og fært til samræmis við tollskrárfrumvarp Þjóðabandalagsins, verzlunarskýrslurnar og þau tæki, sem í framkvæmdinni hafa verið flokkuð í þetta númer, en í þetta tollskrárnúmer hafa verið flokkaðar ámokstursvélar, dúnkraftar, gálgar (kranar, lyftivindur), götuvaltarar (götuþjapparar), jarðýtur, loftborar, loftpressur, mokstursvélar, mulningsvélar (grjótkvarnir, steinmulningsvélar), skurðgröfur fyrir síma- og rafmagnsstrengi, steinsteypuhrærivélar, tjörudreifingar og vélskóflur. Sanngjarnt þykir, að vörumagnstollurinn verði 2 aurar af kg, en ekki 7 aurar, enda er hér yfirleitt um þungavarning að ræða og mjög undan 7 auru vörumagnstollinum kvartað.

21 og 24. Í þeim erlendu tollskrár, sem eru sniðnar eftir tollskrárfrumvarpi Þjóðabandalagsins, eru mörkin milli 72. og 73. kafla þau, að til 73. kafla teljast ekki aðrar vélar og tæki en þau, sem eru beinlínis talin þar upp, en aðrar vélar og tæki teljast til 72. kafla. Við samningu tollskrárinnar hefur þess ekki verið gætt, að hafa nógu glögg mörk milli þessara kafla. Það, sem ruglingi veldur, eru númerin 46—54 í 73. kafla. Vélar, sem þar eru taldar, geta líka talizt til 72. kafla, t. d. mætti spyrja, hvaða ástæða sé til að láta slípi- eða fágunarvélar og málmhúðunartæki teljast til 73. kafla 47 og 52 með 15% verðtolli, en láta aðrar blikk- og járnsmíðavélar og aðrar slíkar vélar teljast til nr. 50 eða 63 í 72. kafla með aðeins 8% verðtolli. Og ekki verða mörkin dregin eftir því, hvort vélararnar gangi fyrir rafmagni eða ekki, t. d. eru prentvélar taldar upp í nr. 50 í 72. kafla, en á seinni árum munu ekki hafa verið fluttar inn aðrar en rafknúnar prentvélar. Til þess að bæta úr þessu og til þess að mörkin milli umræddra tveggja tollskrárkafla verði glögg og ótvíræð, er lagt til í 24. lið frumvarpsins, að nr. 46—54 í 73. kafla verði fellð niður. Þá er lagt til, að verðtollurinn eftir nr. 64 í 72. kafla verði lækkaður úr 30% í 15%, en farið hefur verið fram á þá breytingu af hálfu iðnaðarins, því að til þess númera hafa verið taldar ýmsar hjálparvélar í iðnaðinum, t. d. flöskuhreinsunarvélar, miðaálímingarvélar og pylsugerðarvélar. Í fyrsta lagi vegna þessarar beiðni, í öðru lagi vegna þess, að við niðurfellinguna á nr. 46—54 í 73. kafla koma ýmsar vélar, sem nú teljast til þessara númera

73. kafla, undir nr. 64 í 72. kafla og í þriðja lagi vegna þess, að engin sanngirni er í því, að tolla vélar ótaldar annars staðar með 30% verðtolti, þegar smíðatól og önnur handverkfæri úr járn og stáli ótalin annars staðar eru tolluð eftir 63. kafla 80 með aðeins 15% verðtolti, er lagt til í 21. lið frumvarpsins, að verðtollurinn eftir nr. 64 í 72. kafla verði lækkaður úr 30% í 15%.

22. Rétt þykir, að rafmagnsbúnaður í flugvélar komi í sömu tollskrárnúmer og rafmagnsbúnaður í önnur farartæki. Fyrirsögnin að nr. 13—16 í 73. kafla er því orðuð um.

23. Eins og orðalagið er nú á fyrirsögninni að nr. 37—45 í 73. kafla, „Búsáhöld og hlutar til þeirra“, mætti ætla, að til þessara númera ættu aðeins að teljast hin smærri rafmagnstæki, sem ætluð eru til notkunar á heimilum, en ekki hin stærri tæki, sem notuð eru í veitingahúsum, verzlunum og í iðnaðinum. En ekki þykir sanngjarnt, að hin stærri tæki komi í hærra tolla en hin smærri, en það gera þau, ef orðið búsáhöld er tekið bókstaflega, t. d. þvottavélar til þvottahúsa til nr. 54 í 73. kafla og eftir niðurfellinguna á því númeri til nr. 64 í 72. kafla með 7 auru vörumagnstolti og 15% verðtolti, en ekki í 2 auru vörumagnstoll og 8% verðtoll, eins og tollarnir eru nú eftir nr. 40 í 73. kafla tollskrárinnar. Til þess að taka af allan vafa í þessu efni er fyrirsögninni að nr. 37—45 breytt þannig, að ekki að eins hin smærri tæki til heimilisnotkunar geti talizt til þessara númera, heldur og hin stærri til annarrar notkunar.

25. Fallhlífar teljast nú til nr. 43 í 52. kafla tollskrárinnar með 20 auru vörumagnstoll af kg og 50% verðtolti, hvort tveggja með viðaukum. Er þetta óeðlilega hár tollur á þessari vöru, og er því lagt til, að þessu verði breytt og fallhlífar verði tollfrjálsar eins og flugvélar.

26. Ljósastarar hafa aðallega verið fluttir inn til báta og skipa og til flugstarfseminnar, en vegna þessarar aðalnotkunar þeirra er 30% verðtollur of hár tollur á þeim og ekki í samræmi við tollana á sams konar varningi í nr. 15 og 16 í 73. kafla tollskrárinnar. Lagt er því til, að nr. 12 í 77. kafla verði fellt niður, en eftir það teljast ljósastarar til skipa og annarra farartækja til nr. 16 í 73. kafla tollskrárinnar, en aðrir ljósastarar til 73 kafla 88.

27. Bryggjuvogir eru stór og dýr tæki og hliðstæð löndunartækjum, sem ýmist teljast til nr. 48 eða 35 í 72. kafla tollskrárinnar með 8% verðtolti, en nú teljast þessar vogir til nr. 32 í 77. kafla með 30% verðtolti. Þar eð ekki þykir sanngjarnt að hafa þessar vogir í svo háum tolli, er lagt til, að verðtollurinn á þeim verði lækkaður úr 30% í 8%. Með því að númer vantar í 77. kafla fyrir centímalvogir og sundurlíðun á vogum í þeim kafla er alltof margbrotin, er nr. 29—32 í þeim kafla orðuð um og gerð einfaldari.

28. Oft er farið fram á eftirgjöf á tollum af orgelum til kirkna. Sanngjarnt þykir, að ráðuneytinu heimilist að gefa eftir verðtoll af orgelum til kirkna, ef sérstaklega stendur á, enda munu kirkjur ekki hafa verið hafðar í huga, er verðtollurinn af orgelum var ákveðinn.

29. Farið er fram á niðurfellingu á aðflutningsgjöldum af hljómplötum með íslenskum tónverkum til styrktar innlendri tónlistarstarfsemi, og til þess að verða við þessari beiðni, er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir.

30. Notkun tilbúinna mótanlegra efna (plasts) fer stöðugt í vöxt og er það mest notað í vörur, sem áður voru gerðar úr kátsjúki, trjávið, steinkenndum efnum, gleri og málmum. Hafa komið fram beiðnir um lækkun á tollum á ýmsum vörum úr plasti, t. d. veggflísunum, til samræmis við tollana á sams konar vörum úr öðrum efnum. Þar eð hér er eins ástatt og um tillögu nr. 16, er hér lagt til, að ráðuneytinu heimilist að ákveða að tolla þá, sem ber að greiða af vörum úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, megi einnig greiða af vörum úr plasti.

Um 2. gr.

m. Tilsniðnir votheysturnar úr timbri teljast til nr. 31 í 40. kafla tollskrárinnar með 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli, eins og tilsniðnar heyhlöður og önnur mannvirki úr timbri. Nokkrir votheysturnar hafa verið fluttir inn til reynslu og er farið fram á, að af þeim megi greiða sömu aðflutningsgjöld og af vélum til landbúnaðar, sem teljast til nr. 10—21 í 72. kafla tollskrárinnar með 2 aura vörumagnstolli og 2% verðtolli. Með því að notkun heygeymslna þessara er enn á tilraunastigi og almennt er ekki farið að smíða þær hér, er lagt til, að ráðuneytinu heimilist að láta tolla votheysturnana með hinum lágu tollum eftir nr. 10—21 í 72. kafla tollskrárinnar. Lagt er til, að sama verði látið gilda um vélaútbúnað til að steypa votheysturna, en slíkur útbúnaður hefur verið talinn til nr. 28 í 72. kafla tollskrárinnar.

n. Lagt er til, að tolla megi jeep-bifreiðar og almenningsvagna með hinum lægri tollum, sem eru á vöruflytningabifreiðum, í stað hinna hærri tolla, sem greiða ber eftir nr. 1 og 5 í 75. kafla tollskrárinnar.

o., p., q. og r. Hér eru lögfest tollfrelsisákvæði nokkurra milliríkjasamninga, sem gerðir hafa verið undanfarið.

s. Fyrir hver jóla hafa verið sendir hingað gjafaböggjar til sjómannastofunnar, til dreifingar meðal erlendra sjómanna, sem hafa verið hér yfir jólin. Er ekki viðurkvæmilegt að heimta aðflutningsgjöld af slíkum gjafaböggjum og öðrum slíkum sendingum, og er því lagt til, að ráðuneytinu heimilist að gefa eftir aðflutningsgjöld af slíkum sendingum. Sams konar heimildarákvæði eru í tolllögum nágrannaríkjanna og er ákvæðið í s-lið sniðið eftir þeim.

t. Haldnar hafa verið hér norrænar heimilisiðnaðarsýningar, iðnsýningar og fleiri þess háttar sýningar, og hafa aðflutningsgjöld verið greidd af þeim munum, sem hafa orðið hér eftir, en verið endurgreidd af hinum, sem hafa farið út aftur. Vegna reglunnar í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tolleftirlit, þykir þó rétt að lögfasta þessa afgreiðsluaðferð, og er því borin fram tillaga sú, sem felst í fyrri hluta t-liðs. Þá þykir rétt að heimila endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af vélum og áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu.

Um 3. gr.

Lagt er til, að sama gildi um viðgerðir á flugvélum erlendis og það, sem nú gildir að þessu leyti um báta og skip.